

Nd.

195. Frumvarp til laga

[109. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—1964.)

1. gr.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanskildum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, greiddar með 32.25% álagi í stað þeirrar 15% hækkunar, sem ákveðin var með lögum nr. 72 1963, um hækkun á bótum almannatrygginganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða þá 15% bótahækkun, sem felst í lögum þessum í einu lagi fyrir tímabilið 1. jan. 1964—30. júní 1964 með bótageiðslum fyrir júlímánuð 1964.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skulu framlög og iðgjöld til almannatrygginganna fyrir árið 1964 ákveðin að nýju, og ber framlags- og iðgjaldagreiðendum að greiða framlög og iðgjöld á árinu 1964, samkvæmt þeirri ákvörðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög um hækkun á bótum almannatrygginganna voru sett hinn 6. desember 1963, stóðu yfir almennar vinnudeilur, sem ekki var þá vitað hversu lykta mundi.

Í athugasemdum við frumvarp til þeirra laga, segir m. a. orðrätt:

„Ef um frekari launahækkunar verður að ræða, verður að sjálfsögðu að endurskoða hækkun bótanna, þegar þær launahækkunar liggja fyrir.“

Við lausn vinnudeilnanna verður að telja, að almenn launahækkun hafi orðið 15%.

Í samræmi við þá venju, sem skapast hefur, að bætur almannatrygginga hækki til samræmis við almennar launahækkunar, er því óhjákvæmilegt að hækka nú enn bæturnar um 15% frá 1. janúar 1964. Þetta jafngildir því, að bætur almannatrygginga samkvæmt hinum nýju lögum nr. 40/1963, sem öðluðust gildi hinn 1. janúar 1964, hækki frá þeim tíma um 32.25%.

Hér eru þó undanskildar fjölskyldubætur, samkvæmt 15. gr. laganna, sem ekki er gert ráð fyrir að hækki með lögum þessum. Varðandi það atriði vísast til þess, sem segir í athugasemdum við frumvarp til laga um hækkun bóta, sem var lögfest 6. desember 1963.

Undanfarin ár hefur í árslok þurft að hækka bætur almannatrygginga vegna almennra launahækkana og verðhækkana árið 1961 um 13.8% frá 1. júlí þ. á., árið 1962 um 7% frá 1. júní og að síðustu í desember 1963 um 15% frá 1. júlí 1963. Þessi síðasta hækkun nam kr. 27.8 millj. á árinu 1963.

Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt bótahækkunir þessar svo sem ákveðið hefur verið hverju sinni og miðað framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða svo og iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda á næsta ári við að jöfnuður fengist á útgjöldum og tekjum þá.

Sú bótahækkun, sem hér um ræðir er hins vegar ráðgerð í ársbyrjun og mun nema samtals kr. 74.4 millj. á árinu. Tryggingastofnun ríkisins getur ekki greitt þessa bótahækkun, sem hér er um að ræða, án þess að afla tekna til þess þegar á þessu ári.

Um kostnað vegna þeirra hækkana á bótum, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, vísast til fylgiskjals, sem fylgir frumvarpi þessu.

Af fylgiskjali þessu kemur í ljós, að framlag ríkissjóðs á árinu 1964 verður að hækka um 26.8 millj. króna, ef frumvarp þetta verður samþykkt.

Með skírskotun til framanritaðs mun Tryggingastofnunin ekki geta innt af höndum hækkun þá, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, fyrr en ríkissjóður greiðir sinn hluta af hækkuninni, og stofnunin getur innheimt hjá öðrum þátttökuaðilum þann hluta hækkunarinnar, sem þeim ber að greiða, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Áætluð útgjaldaaukning lífeyristrygginga á árinu 1964, miðað við 15% hækkun bóta, annarra en fjölskyldubóta.

A. Lífeyristryggingar.

1. Ellilífeyrir	47.3 millj. kr.
2. Örorkulífeyrir og örorkustyrkur	12.0 — —
3. Aðrar bætur	13.6 ¹⁾ — —
4. Tillag til varasjóðs	1.5 — —

Samtals kr. 74.4 millj. kr.

Útgjaldaaukningin skiptist þannig á aðila:

Ríkissjóður	26.8 millj. kr.
Hinir tryggðu	23.8 — —
Sveitarsjóðir	13.4 — —
Atvinnurekendur	10.4 — —

Samtals 74.4 millj. kr.

1) Hér er auk 15% hækkunarinnar tekið tillit til daggjaldahækkunar á sjúkrahúsum 1. jan. 1964, en hún hefur áhrif á sjúkrasamlagsiðgjöld lífeyrisþega, sem greidd eru af lífeyristryggingum.